

Ed.

41. Nefndarálit

[7. mál]

um frv. til l. um skyldu bæjar- og sveitarsjóða til að greiða uppbót á laun skólastjóra og kennara við barnaskóla.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt. Á þetta get ég ekki fallizt af eftirfarandi ástæðum:

Launauppbætur til embættismanna eru sumpart ákveðnar með þál. og sumpart með ákvæðum fjárlaga, án þess að breyta í einu eða öðru gildandi ákvæðum launaganna. Ég var á sínum tíma á móti því, að þessi aðferð yrði viðhöfð, eins og ég einnig var á móti því, að það væri rétt að hækka laun embættismanna almennt, nema á móti kæmi lengri vinnutími og meiri afköst.

Í athugasemdum frv. er viðurkennt, að lagaleg skylda fyrir bæjar- og sveitarfélög til að inna þessar greiðslur af hendi felist ekki í fyrirmælum Alþingis og sé því nauðsynlegt að setja um þetta lög. En þá er einnig ljóst, að ekki er hægt að skylda þessa aðila til þess að greiða uppbætur fyrir þann tíma, er bráðabirgðalögin eru gefin út, en til þess er þó ætlaðt í frv.

Ég legg því til, að málið verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að ríkisstjórnin láti þegar á þessu þingi breyta gildandi launalögum í samræmi við vilja meiri hluta Alþingis, svo að laun séu eigi greidd eftir öðrum reglum en þeim, sem fyrir er mælt í lögum, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 17. okt. 1950,

Gísli Jónsson,
fundaskr.